

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. desember 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-78/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kröfu sem Y, hefur gert á hendur honum. Álitsbeiðandi krefst viðurkenningar á að ekki hafi komist á samningur milli hans og Y og honum sé því ekki skylt að greiða téða kröfu.

II

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur um viðskipti sem falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og lög nr. 48/2003 um neytendakaup er á valdsviði nefndarinnar, þ.e. að nefndin gefur álit sitt á því hvernig hann eigi að leysa. Sá ágreiningur sem lýst er í álitsbeiðni varðar hvort samningur hafi komist á milli álitsbeiðanda og Y, nánar tiltekið hvort ónefndur einstaklingur sem á fasteign í óskiptri sameign með álitsbeiðanda hafi getað skuldbundið álitsbeiðanda einhliða til greiðslu kostnaðar vegna eftirlits með viðhaldi og viðgerðum á umræddri fasteign, en þær viðgerðir ættu eðli sínu samkvæmt að falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Í 1. gr. þeirra laga segir að löginn taki til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi þegar veitt þjónusta feli m.a. í sér vinnu við fasteignir o.fl. Löginn áskilja þannig að komist hafi á samningur milli aðila svo ágreiningur þeirra geti fallið undir löginn. Í lögnum er hins vegar ekki fjallað um hvernig leyst skuli úr ágreiningi um það hvort slíkur samningur hafi komist á.

Samkvæmt þeim lögum, sbr. og 2. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa, er það utan valdsviðs nefndarinnar að gefa álit um þann ágreining sem lýst er í álitsbeiðninni. Af þeim sökum er annað óhjákvæmilegt fyrir kærunefndina en að frávísa álitsbeiðni Snorra Þórs Sigurðssonar, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir